

SKYRSIA TIL SKÓGRÆKTAR RÍKISINS 1954.

Árferði var óvenjulega gott frá 1. jan. til sumarmála, alautt í byggð, að undanteknum hálfsmánaðar snjóakafla frá 25. febr. til 12. mars. Vorið var einmunagott til 18. júní. Síðan regn og sólarlaust flesta daga sumarsins að undantekinni einni viku í síðari hluta ágústmánaðar, óvenjul. hlýrri sunnanátt. Frá miðjum sept. til miðs nóv. snjóar og kuldatið, en eftir það til áramóta allgott tíðarfari. 20- 21. okt. gerði bleytusnjóa, sem fóru mjög illa með skógin, sligaði hann þannig að topparnir frusu síðan niður og var hann í þessum viðjum þar til hlánaði í síðari hluta nóv. Man ég ekki eftir að hafa séð skógin fara jafn herfilega af völdum snjóa.

Lauffall varð um 22. okt. En allaufgaður varð skógurinn næstum því á einum degi, 21. maí, þá hlýnaði eftir langvarandi þurrka.

Máras
Gróðursetning í Ásbyrgi fór fram í fyrstu viku júní. Plönturnar komu að sunnan 31. maí, þá stórkemmdar, looo rauðgreni looo lerki og 5000 skógarfura.

Sprettu varð mjög góð á ungskóginum, björkinni og einnig lerkinu, sem plantað var 1951 (150 plöntur frá Hallormsstað). Hæzta plantan mældist í haust 130 cm og nokkrar 115 - 120 cm.

Eins og kunnugt er var hér í Öxarfjarðarhéraði um allmikið skógarhögg að ræða til eldsneytis fram til síðasta áratugs. Eftir athugun sem ég gerði í haust, er nú þetta skógarhögg úr sögunni nema til reykinga á kjöti til heimilisnotkunar, sem vitanlega er hverfandi lítið. Við athugun á skógarhöggi í þessu héraði frá síðustu aldamótum, er nokkurn veginn augljóst, að það hefir verið stærsti skaðvaldurinn í eyðingu þeirra, auðvitað með sauðfjárbeitinni.

Að öðru leyti var starf mitt fólgioð í hirðingu á skóginum í sumar svo og grisjun.

Ásbyrgi í Kelduhverfi

3. jan. 1955.

Erlingur Jóhannsson

(sign)